

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 21. apríl 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tannlækningar, 252. mál, gjaldskrár.**


Neytendasamtökin telja mikla þörf á að neytendur geti betur áttað sig á verði þjónustu tannlækna. Verðlagning á þessari þjónustu er frjáls og ljóst er að það verð sem tannlæknar taka fyrir þjónustu sína er mjög breytilegt.

Neytendasamtökin taka undir það sjónarmið, og sem fram kemur í greinargerð, að þó að tannlæknar eigi nú samkvæmt reglum Neytendastofu að auglýsa algengustu liði á áberandi hátt á stofu sinni, jafnframt því sem viðskiptavinir eiga að hafa aðgang að tæmandi verðskrá á stofu, nýtist það takmarkað fyrir neytendur þar sem ljóst er að þeir gera ekki verðsamanburð með því að fara á milli tannlæknastofa.

Neytendasamtökin sjá hins vegar ekki ástæðu til að skylda tannlækna til að auglýsa gjaldskrá sína árlega, óháð því hvort verð breytist milli ára. Neytendasamtökin leggja hins vegar áherslu á að eðlilegt sé að tannlæknar skuli fyrir ákveðinn tíma auglýsa gjaldskrá sína og síðan í hvert skipti sem breytingar verða.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið með þessari breytingu.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Johannes Gunnarsson formaður